

## Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar

### **Krafa um að fyrirhugaðar framkvæmdir í Völuskarði verði stöðvaðar.**

Undirritaðir íbúar við Völuskarð vilja með bréfi þessu koma á framfæri formlegri kvörtun og mótmælum vegna fyrirhugaðra framkvæmda Hafnarfjarðarbæjar við frágang götukassa (gangstétta/bílastæða) við húsnæðin að Völuskarði 1–11.

Þann **6. júlí 2026** barst íbúum tilkynning frá Hafnarfjarðarbæ um að ráðist yrði í umræddar framkvæmdir. Af þeim upplýsingum sem okkur hafa borist verður ekki um hefðbundna steypa gangstétt að ræða heldur svokallaða „vistvæna“ gangstétt sem er jafnframt bílastæði, sem lýsa má sem götóttri plastmottu sem hleypir meðal annars yfirborðsvatni niður í jarðveg.

Við teljum að val á þessari útfærslu sé bæði óheppilegt og varhugavert, auk þess sem fyrirhuguð framkvæmd hefur, að okkar mati, ekki verið studd fullnægjandi rökum eða upplýsingum til íbúa sem eiga verulegra hagsmuna að gæta.

### **1. Hugsanleg hættu fyrir undirstöður mannvirkja og lagnakerfa**

Fyrsta og veigamesta áhyggjuefnið snýr að áhrifum framkvæmdarinnar á jarðvegsskilyrði, lagnakerfi og undirstöður fasteigna við Völuskarð.

Með þeirri útfærslu sem kynnt hefur verið er gert ráð fyrir að regnvatn og leysingarvatn renni að mestu leyti óhindrað niður í jarðveg undir gangstéttina. Þetta er verulegt áhyggjuefni í ljósi þess að vatnsmagnið sem kemur úr Skarðshlíðinni getur verið umtalsvert, einkum í mikilli úrkomu og við leysingar.

Aðstæður í Völuskarði eru jafnframt sérstakar að því leyti að halli lands og götu beinir vatni í átt að húsunum oddatölumegin götunnar, þ.e. Völuskarði 1–11. Húsin okkar megin við götuna standa því á svæði þar sem eðlilegt er að gera ríkar kröfur til öruggrar og vel ígrundaðrar vatnsstýringar.

Þá er einnig verulegur hæðarmunur á Tinnuskarði og Völuskarði, sem á köflum er allt að um 10 metrar. Slíkar aðstæður geta aukið álag á jarðveg og frárennsliskerfi og gera það enn mikilvægara að farið sé af varúð við val á lausnum sem hleypa vatni niður í jarðveg í nálægð við fasteignir.

Við íslenskar aðstæður, þar sem frost og þíða skiptast reglulega á, getur aukið vatnsmagn í jarðvegi aukið líkur á frostlyftingum og hreyfingum í undirlagi. Þegar vatn frýs eykst rúmmál þess verulega og við endurtekið frost- og þíðuferli getur myndast óstöðugleiki í jarðvegi. Slíkt getur leitt til sigs, holrúmamyndunar og hreyfinga í jarðvegi sem getur

skapað hættu fyrir lagnir, stéttar, yfirborðsfrágang og í versta falli undirstöður nærliggjandi húseigna.

Að mati íbúa er verið að taka óþarfa áhættu með þessari útfærslu. Ef jarðvegur undir eða við húsin hreyfist, hvort sem er vegna vatns, frosts, jarðskjálfta eða samverkandi þátta, getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir fasteignaeigendur við umræddar götur. Slíkt býður hættunni heim og kallar á mun ítarlegri greiningu áður en framkvæmdir hefjast. Ef undirstöður húsanna færast úr stað er um að ræða stórfellt tjón, sem hleypur á milljörðum króna.

Þrátt fyrir að við gerum okkur grein fyrir því að verkfræðilegt mat kunni að liggja að baki framkvæmdinni hafa íbúum ekki verið kynntar neinar fullnægjandi tæknilegar úttektir, jarðvegsrannsóknir eða áhættugreiningar sem sýna fram á að þessi lausn hafi engin neikvæð áhrif á þær eignir sem Hafnarfjarðarbær hyggst leggja umrædda plastmottur við.

Í ljósi þess hversu miklir fjárhagslegir hagsmunir eru undir teljum við óásættanlegt að ráðist sé í framkvæmdina án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir og séu gerðar aðgengilegar íbúum.

## **2. Umferðaröryggi og öryggi gangandi vegfarenda**

Annað áhyggjuefnið snýr að umferðaröryggi.

Þegar litið er til annarra gatna í hverfinu er ljóst að fyrirhuguð lausn á gangstéttum/bílastæði í Völuskarði verður í sömu hæð og gatan. Slík útfærsla getur skapað verulega hættu yfir vetrartímann þegar snjór og hálka hylja yfirborð gangstétta og gatna.

Við slíkar aðstæður getur verið erfitt fyrir ökumenn að greina skýr mörk milli akbrautar og gangstéttar. Þetta eykur hættu á að ökutæki fari óvart inn á svæði ætlað gangandi vegfarendum.

Í Völuskarði búa fjölmargar barnafjölskyldur og mikið er um börn á leið til og frá skóla, leiksvæðum og tómstundastarfi. Að okkar mati er hefðbundin steypt gangstétt með skýrum hæðarmun gagnvart akbraut mun öruggari lausn og betur til þess fallin að tryggja öryggi gangandi vegfarenda.

## **3. Hagkvæmni, reynsla, viðhald og meðferð almannafjár**

Þriðja áhyggjuefnið snýr að kostnaði, hagkvæmni, viðhaldi og reynslu af þeirri lausn sem fyrirhuguð er.

Okkur er ekki kunnugt um að sýnt hafi verið fram á að fyrirhuguð vistvæn lausn sé hagkvæmari en hefðbundin steipt gangstétt. Þvert á móti virðist um að ræða kostnaðarsamari framkvæmd sem jafnframt kallar á aukið og sérhæft viðhald.

Þá virðist lítil sem engin reynsla komin á sambærilegar ristar, grindur eða plastlausnir í öðrum sveitarfélögum við aðstæður eins og þær sem eru í Skarðshlíð. Að okkar mati er því óvarlegt að innleiða slíka lausn í nálægð við fasteignir án þess að fyrir liggi skýr gögn um virkni hennar til lengri tíma, endingu, viðhaldspörf og möguleg áhrif á nærliggjandi mannvirki.

Víða í hverfinu þar sem slíkar vistvænar gangstéttir/bílastæði hafa verið lagðar/lögð vex mikill gróður upp úr þeim, enda skapar plastmottan kjöraðstæður fyrir illgresi og sóðaskap. Afleiðing þessa er aukin þörf fyrir reglubundið viðhald, hreinsun og aðrar sérstakar ráðstafanir til að halda gangstéttunum/bílastæðunum snyrtilegum og öruggum, sem að jafnaði á ekki við í sama mæli um hefðbundnar steiptar gangstéttir.

Að mati undirritaðra er þessi útfærsla til þess fallin að rýra ásýnd hverfisins, auka rekstrar- og viðhaldskostnað til framtíðar og draga úr þeim gæðum sem íbúar hafa réttmætar væntingar til í Skarðshlíð. Þá vekur það einnig spurningar um hvort sveitarfélagið sé að velja lausn sem þjónar langtímahagsmunum íbúa og skattgreiðenda best.

Í ljósi alls framangreinds teljum við eðlilegt að Hafnarfjarðarbær rökstyðji með skýrum hætti hvers vegna þessi kostur er valinn þegar fyrir liggur einfaldari, hefðbundnari og að mati íbúa öruggari lausn. Sem skattgreiðendur eigum við réttmæta kröfu til þess að opinberu fé sé varið með hagkvæmum og málefnalegum hætti og að valin sé sú útfærsla sem þjónar bæði öryggissjónarmiðum og langtímahagsmunum samfélagsins best.

## Krafa íbúa

Með vísan til framangreinds fara undirritaðir fram á:

1. Að fyrirhugaðar framkvæmdir verði tafarlaust stöðvaðar.
2. Að Hafnarfjarðarbær afhendi íbúum þær verkfræðilegu, tæknilegu og fjárhagslegu forsendur sem liggja að baki vali á umræddri lausn, þar sem lögð verði m.a. greining á vatnsrennsli, halla lands, jarðvegsaðstæðum og mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á fasteignir við Völuskarð 1–11.
3. Að fram fari formlegt samráð við íbúa áður en endanleg ákvörðun um framkvæmdina verður tekin.

Við áskiljum okkur rétt til að óska eftir frekari upplýsingum um málið og eftir atvikum leita réttar okkar samkvæmt stjórnsýslulögum og öðrum viðeigandi réttarheimildum, þar sem við teljum framkvæmdina geta haft neikvæð áhrif á lögvarða hagsmuni íbúa og fasteignaeigenda við Völuskarð.

Virðingarfyllst,

Fasteignaeigendur í Völuskarði,

Aníta Birna Berndsen

Sigurður Ernst Berndsen